



Nýársávarp
forseta Íslands
Kristjáns Eldjárn
1. janúar 1972

Góðir áheyrendur.

Ég óska yður öllum gleðilegs nýárs, yður sem sitjið í náðum á heimilum yðar og hlustið þar á mál mitt í ró og hvíld þessa dags, svo og þeim mörgu, sem jafnt á þessum degi sem öðrum ársins dögum hljóta að gegna skyldustörfum sínum utan heimilis á sjó og landi. Og ekki vil ég gleyma þeim, sem á sjúkrahúsum eða dvalarheimilum eru, né heldur þeim mörgu landsmönnum, sem erlendis dveljast við nám og starf. Öllum Íslendingum fjær og nær sendi ég bestu nýjárskveðjur og þakka góð samskipti á liðnu ári. Ég nota þetta tækifæri til að senda kveðju og þökk til fólks á Austurlandi, þar sem við hjónin vorum á ferðalagi í sumar og mikill fjöldi manna var samtaka um að gera okkur ferðina ánægjulega. Með þökk minnst ég einnig ferðar okkar til Noregs og Svíþjóðar í boði konunga þessara landa. Sú sæmd og vinsemd sem Íslandi var þá sýnd, er eitt af því sem minnst verður með gleði, þegar hugsað er til liðins árs.

Á þessum nýjárstegi er eins og endranær margs að minnast. Þegar frá eru skildar persónulegar minningar hvers og eins, mun mörgum ofarlega í huga, að á liðnu ári voru alþingiskosningar, sem höfðu þær afleiðingar að ný ríkisstjórn tók við völdum. Öðrum verður ef til vill fyrst hugsað til þess, að aftur voru fluttir til landsins eftir langa útivist þjóðlegir dýrgripir, sem landsmenn hafa lengi þráð að endurheimta. Og margir munu vonandi renna þakklátum huga til þess, að árið var gott og gjöfult, að hagur landsmanna var yfirleitt góður og að komist varð hjá stórfelldum verkföllum, sem kvíðvænlegt var til að hugsa á tímabili. En lengi mætti telja, ef það væri ætlunin að rekja annál ársins. Það mun ég þó ekki gera, enda munu margir aðrir til þess verða, ef að vanda fer, stjórnámálemenn og forustumenn á ýmsum sviðum þjóðlífs.

Í stuttu ávarpi mínu á þessum nýjárstegi mun ég, eins og stundum áður, beina athygli að landinu og landkostum og lífi fólksins í landinu. Síðastliðið sumar var sólríkt og fagurt. Það vekur ætíð bjartsýni og vongleði að sjá landið í sumarblóma þegar allt gengur í haginn, eins og það gerði í sumar, þegar við vorum á kynnisförinni um Austfirðingafjórðung, sjá vaxandi útgerðarbæi, þar sem dýrmætur fengur sjávarins berst á land, sjá fullar hlöður í fögrum sveitum. Á síðastliðnum haustdögum er talið að meiri hey hafi verið til hér á landi en nokkurn tíma áður, síðan fyrst var borinn hér ljár í gras. Það hefði einhvern tíma þótt björgulegt og lítil ástæða til að kvíða komandi vetri. Mikið og góð hey voru hyrningarsteinn lífsafkomunnar fyrr á tíð. Mér hefur oft dottið í hug að það hafi verið heyleysi, sem að lokum eyddi nýbyggð Íslendinga á Grænlandi á miðöldum. En það er merkilegt fflugunarefni, ekki síst þegar litið er yfir ræktaða grasvelli svo hundruðum hektara skiptir, eins og til dæmis á söndunum í Skaftafellssýslu og miklu víðar, og góður

aflí er dreginn á land í sjávarplássum, að íslenska þjóðin skuli nú eiga fyrir höndum varnarbaráttu fyrir kostum lands og sjávar, þeim kostum sem hún hefur lifað á fram á þennan dag og hlýtur enn að lifa á framvegis. En þessu er einmitt þannig farið, því að ekki er allt sem sýnist, þegar náttúran skartar sínu fegursta á hásumardegi. Fátt er nú rætt af meiri alvörubunga í heiminum en eyðing náttúrlegs umhverfis mannsins á jarðarhnettinum. Mörg þjóðfélög horfast nú í augu við hryllilegar afleiðingar þess að hafa blóðmjólkað náttúrlegar auðlindir sínar. Þar væri fávíslegt að þykjast ekki sjá hvað höndin skrifar á vegginn. Bersýnilegt er, að fyrr en varir verður það talin ein af frumskyldum allra þjóða, að taka virkan þátt í að friða, rækta og vernda land og sjó, vernda náttúruna um leið og þær nytja hana og lifa á henni. Vér Íslendingar viljum sannarlega fylla þann flokk, sem vinnur gegn eyðingu og fyrir verndun og græðslu og það alveg eins fyrir því, þótt vér höfum enn sem komið er ekki mikið af svonefndri mengun að segja, eins og ýmsar grannþjóðir þekkja hana. Margt býður varnað eigi að síður.

Þjóðin hafði ekki lengi búið hér í landinu, þegar menn þóttust taka eftir því að kostir þess hefðu rýrnað síðan á landnámsöld. „Í þann tíð var Ísland viði vaxið milli fjalls og fjöru,“ eru hin frægu orð Ara fróða um þetta, en um gagnsmuni sjávarsíðunnar kemst höfundur Egils sögu svo að orði: „Allt var þar þá kyrrt í veiðistöð, er það var óvant manni.“ Að vísu er þetta eitthvað blandið rómantik eins og oft vill verða þegar horft er um öxl, og það má jafnvel sjá á hinu skáldlega orðalagi, en í meginatriðum er athuginin rétt, og lærdómsrík er hún enn á vorum dögum. Það væri synd að segja að þetta nakta land sé viði vaxið nú, og hitt þó enn meira öfugmæli að allt sé kyrrt í veiðistöð. Það þarf ekki að vitna til fornra manna til þess að fá samanburð. Athuganir vísindamanna sýna hvar vér erum á vegi stöðd, og af þeim mun verða ráðið, hvernig við skuli snúast.

Útlendir menn, sem um Ísland hafa skrifað, hafa stundum notað sér það að láta berangur og feikneik landsins varpa eins konar undraljóma á menningarafrek þjóðarinnar, sem þeir hafa viljað gera sem mest úr. Frægur enskur rithöfundur skrifaði nokkurn veginn á þessa leið árið 1840:

„Á þessari furðuey Íslandi, sem jarðfræðingar segja að hafi skotið upp við eldumbrot á hafsbótnei, landi sem gnæfir sviphart og strangt í bragði með hölkn og hraun, jökla og goshveri, líkast dapurlegum vígvelli frosts og funa, landi þar sem síst allra landa mundi vera að vænta bókmennna, þar hafa þessi rit verið færð í letur. Með ströndum fram í þessu hrjósturlandi er dálítill grasi gróinn jaðar, þar sem búfénaður getur bjargað sér og mennirnir bjargast svo aftur á honum, og því sem þeir hafa úr sjó með ströndum fram. En þetta voru skáldlega sinnaðir menn, sem hugsuðu djúpar hugsanir og gátu komið þeim í hljómfagran búning. Mikils væri misst ef Íslandi hefði ekki skotið úr sæ og norrænir menn ekki fundið það.“

Þetta er stórkarlagleg lýsing, í aðra röndina eins og tilbrigði við Norður við heimskaut í svalköldum sævi. En í öfgafullum einfaldleik sínum er þetta býsna sterk lýsing á einhæfum bjargræðismöguleikum landsmanna fyrir á tíð og jafnvel enn. Það má með sanni tala um lífbeltin tvö, grónu ræmuna eða beltíð upp frá ströndinni og sjóræmuna með ströndum fram, beltin sem allt byggist á, sitt hvorum megin við hinn skörðotta baug landsins, sem Hannes Pétursson kallar svo í nýrri ljóðabók sinni. Það eru einmitt þessi tvö beltí, sem nú verður vor hlutur að vernda, friða og græða.

Vísindamenn sem rannsaka gróðurlendi Íslands eru ekki sammála um hversu mikið gróið land hafi dregist saman síðan á landnámsöld, en allir virðast þeir vera á einu máli um að mikið hafi glatast. Nýttun landsins hefur öldum saman verið með

þeim hætti, að meira hefur verið til þess sótt en því hefur verið skilað aftur. Gróni jaðarinn upp frá ströndinni er orðinn enn mjórri en hann var í öndverðu. Viljinn til að snúa þessari þróun við vaknaði þegar fyrir löngu með batnandi hag og vaxandi þekkingu. Með stórfelldri tónrækt, skógrækt og landgræðslu var snúist til varnar, og mikið hefur á unnist. Þjóðin stendur í mikilli þakkarskuld við alla þá mörgu, sem með bjartsýni, þekkingu og athöfn hafa unnið að þessum málum á undanförunum áratugum. Engu að síður er hér mikið verk fram undan, og margt bendir til þess að vaknaður sé nýr almennur áhugi, ekki síst á landgræðslu, stóru átaki til að vinna aftur land sem tapast hefur. Sá áhugi sækir meðal annars styrk sinn í nútíma hugmyndir um umhverfisvernd og þá skyldu hveðrar þjóðar að gæta hinnar lifandi náttúru í landi sínu. Þetta ætti vel að geta orðið þjóðlegt metnaðarmál fyrir oss Íslendinga. Sumir virðast óttast að þessar hugmyndir um gróðurvernd séu hættulegar fornum atvinnuvegum þjóðarinnar, til dæmis kvikfjárrækt. Það ætti þó að vera ástæðulaust. Landverndin á vitaskuld að vera til þess að efla lífsbjargarmöguleikana en ekki hið gagnstæða, og viðfangsefnið verður meðal annars og ekki síst að finna ráð til þess að saman geti farið landvernd og nýting lands. Þau ráð er hægt að finna með nútíma þekkingu og tækni, og raunar blasir alls staðar þetta saman við: að samræma nýtingu og vernd. Um þetta ættu allir að geta verið sammála, og það er gleðilegt tímanna tákni að fleiri og fleiri gefa sig fram til liðs við þennan málstað og vilja taka þátt í nýrri sókn til bjargar og eflingar hinu gróna belti landsins.

Og þá er það hitt beltið, hitt lífbeltið, það sem úti fyrir ströndinni er, það sem gert hefur fámennri þjóð mögulegt að hefjast úr fátækt til bjargálna, gert henni mögulegt að framkvæma það sem mörgum mætti finnast kraftaverki líkt, þegar litið er á allar aðstæður. Einnig þetta belti er nú í mikilli hættu og það þarf að breikka og bæta, eins og hitt og ekki síður. Íslenska þjóðin hefur lengi horft á það með kvíða, að margt hefur þar snúist á ógæfuhlið á síðari tímum. Það er ekki lengur neitt kyrrt í veiðistöð, heldur má nú glögg sjá, að þetta lífbelti er að missa sitt rétta eðli, því að ekkert fær að vera í þeim friði sem nauðsynlegur er, ef það á að geta borið ávöxt til frambúðar. Einnig þetta er stutt vísindalegum rökum, sem enginn getur skellt skolleyrum við. Mikið er þegar glatað og annað er í yfirvofandi hættu. Þess vegna hafa Íslendingar þegar fyrir löngu lýst yfir þeirri nauðsyn sinni að helga sér breiðara svæði á landgrunninu en þeir hafa áður helgað sér og standa nú andspænis ákvörðun um að láta þetta koma til framkvæmda í náinni framtíð. Verndun gróins lands verður þolinmæðisverk, sem vér eigum um við oss sjálfa. Verndun fiskimiðanna á landgrunninu getur líka orðið mikið þolinmæðisverk, og þar eigumst vér ekki einir við. Sú verndun verður ekki gerð nema með því að takmarka athafnafrelsi annarra þjóða manna, sem lengi hafa sótt á þær slóðir. Oss er nauðugur einn kostur, þar sem lífshagsmunir þjóðarinnar liggja við, vér þurfum meira svigrúm. En það er einnig og ekki síður ætlun vor að friða og vernda, á sama hátt og vér viljum vernda gróið land, að finna ráð til að nýta fiskimiðin á landgrunninu á svo skynsamlegan hátt að þau haldi áfram að vera gjöful eins og þau fyrrum voru. Vernd og nýting verða að fara saman og geta farið saman, ef rétt er að staðið, og hagurinn verður ekki aðeins vor, heldur einnig annarra, sem fiskveiðar stunda í norðurhöfum. Á þetta atriði munu talsmenn Íslands leggja hina mestu áherslu í þeim skoðanaskiptum við aðrar þjóðir, sem nú eru fram undan um þetta mál. Ef ekkert yrði nú aðgert, væri þess ekki langt að bíða, að allir verði jafnslyppir. Þetta, ásamt spurningunni um tilverurétt íslensku þjóðarinnar, verða sterkustu og sigursælustu rökin í þeirri sókn sem nú er hafin fyrir lífbeltinu með ströndum fram.

Það er vissulega ein heitasta nýjársósóskin, að gifta fylgi störfum þeirra manna, sem nú fá það hlutskipti að halda á þessum málum vorum, að gera góðum nágrönnum vorum skiljanlegt, hvað í húfi er. Enginn grundvallarágreiðingur er um þetta mál hér innanlands, allir stjórnmálaflokkar eru þar sama sinnis. Sterkari en þetta getum vér ekki orðið, og nú er að sjá hve lengi aðrir verða að átta sig á að koma til móts og liðs við oss. Verndun náttúrunnar er svo brennandi áhugamál hugsandi manna, að vér getum fastlega gert ráð fyrir að almenningsálit víða um heim snúist á vora sveif. Skyldum vér ekki geta vænst þess áður en langt um líður, að rétt þyki og eðlilegt, að Íslendingar veiði einir fisk á landgrunni sínu, enda standi þeir svo að þessari atvinnugrein sinni, að þeir reyni af fremsta megni að varðveita þetta lífbelti óskemmt. Hverjum öðrum ætti að vera betur til þess treystandi en þeim sem mest eiga undir því? Og hagsmunir íslensku þjóðarinnar fara hér saman við nútímalega náttúruverndarhugsjón.

Góðir áheyrendur. Þegar horft er fram til komandi árs á þessum nýjársdegi, er ekki annað hægt en að festa augun á þessum lífshagsmunamálum þjóðarinnar. Hitt er svo rétt sem oft er um talað nú á dögum, að fleira verður til að koma en nýting lands og sjávar, til að skjóta traustum fótum undir atvinnu- og efnahagslíf Íslendinga. En land og sjór er þó enn og mun ætíð verða grundvöllurinn. Vér verðum að gera allt sem í voru valdi stendur til að gera landið betra og byggilegra, því að framtíð vor er hér. „Mikils væri misst, ef Ísland hefði ekki risið úr sæ og norrænir menn ekki fundið það.“ Svo sagði hinn enski rithöfundur, og átti við það að fornmenning Íslendinga væri heiminum mikils virði. Slík viðurkenning, sem reyndar hefur oft verið endurtekin, hefur oss ætíð þótt sæt á bragðið. Og síst má lítið úr henni gera. Hún er meðal annars ein af undirrótum þess, að gömul sambandsþjóð vor Danir eru nú að afhenda oss hinar fornu skinnbækur og staðfestu það fagurlega á síðastliðnu ári með því að færa oss Flateyjarbók og Sæmundareddu með hátíðlegri viðhöfn. Og hún er reyndar líka ein af undirrótum þess sem er enn meira, nefnilega þess að vér erum sjálfstæð þjóð og njótum álits þeirra sem til þekkja. En svo góðar sem skinnbækur fornar eru og reyndar allar þjóðlegar minjar, þá er þeim helst að líkja við súrdeigið sem sýrir allt brauðið, og það er ekki lítið sagt. En brauðið sjálft, það er landið og landkostirnir og hamingjuvænlegt og réttlátt þjóðfélag, sem vér öll vonum að hér megi þrífast í frjálsu landi. Spurt mun verða að því í vaxandi mæli, hvernig sú viðleitni tekst til, og eftir svarinu við þeirri spurningu mun verða um það dæmt, hve mikils væri misst, ef Íslandi hefði ekki skotið úr hafi og norrænir menn ekki fundið það, engu síður en því, hvernig vér ávöxtum hinn forna menningararf, sem þó hefur gert oss að þjóð.

Um þessi áramót er sums staðar heldur ískyggilegt um að litast í heiminum. Þær þjóðir eru til, sem eiga um sárt að binda, og margir horfa með kvíða til framtíðarinnar. Mætti þetta ár bera meinabót í skauti sínu. Vér Íslendingar höfum búið við árgæsku og hagsæld, svo að með fádæmum er. Hamingjan hefur verið oss hliðholl. Vér skulum reyna að meta það að verðleikum.

Gleðilegt nýjár.